

Próunarsjóður grunnskóla Garðabæjar

Stafsetning er leikur einn

Kennsluhugmyndir í stafsetningu

Andri Marteinnsson

Júní 2024

Áherslan í þessu þróunarverkefni var að finna fjölbreyttar leiðir við nám og kennslu í stafsetningu á miðstigi með það að markmiði að gera námið eins lifandi og skemmtilegt og mögulegt er.

Í aðalnámskrá grunnskóla fellur hæfniviðmið fyrir stafsetningu undir málfræði og til að geta prófað mig áfram í að þróa verkefnið tók ég það að mér að kenna bæði málfræði og stafsetningu í 5. bekk Flataskóla skólaárið 2023-2024. Mér varð fljótlega ljóst að það var farsæl ákvörðun þar sem samspil málfræði og stafsetningar er mikið. Að vinna náði með öðrum í kennarateyminu, sem sáu um að kenna málskilning og ritun, var einnig mikilvægt enda segja fræðin að þæling í merkingu og skyldleika orða er undirstaða málskilnings. Hún heldur áfram í ritmálinu og fer í stafsetningunni að snúast um orðhlutana, tilgang þeirra og merkingu og þá er talað um lesskilning.

Áherslan í þessu þróunarverkefni átti í upphafi að vera á gerð gagnvirks námsefnis en það kom fljótlega í ljós að endurskoða þyrfti þá nálgun. Þegar unnið var með gagnvirkar æfingar í kennslustundum kláruðu of margir nemendur æfingarnar á ansi stuttum tíma og óvíst hvað mikill lærdómur sat eftir þar sem erfitt var fyrir kennarann að hafa yfirsýn um vinnu nemenda. Stór hluti nemendahópsins sýndi fljótt óþolinmæði við vinnuna og voru jafnvel að heimsækja aðrar síður sem tengdust ekki verkefnavinnunni. Að auki sýndu sumir nemendur klókindi í að finna aðgerðir í tölvunni sem gerðu þeim kleift að nálgast rétt svör án þess að vinna æfingarnar sjálfar. Af þessum ástæðum ákvað undirritaður að prófa þá leið að láta nemendur vinna skriflega eða munnlega þau verkefni sem lögð voru fyrir og gafst sú leið mjög vel. Haldið var utan um vinnu nemenda með því að sum verkefni voru unnin í stílabók sérstaklega ætluð stafsetningu á meðan önnur voru unnin á verkefnablöðum sem kennari sá til að haldið var vel utan um. Reynslan sýndi að betra væri að láta nemendur hafa blað eða nokkur blöð í einu sem væru svo geymd saman með öðrum unnum verkefnum þá annað hvort í gatamöppu eða með því að hefta þau saman. Að afhenda ekki heila vinnubók sem býður upp þá hættu að nemendum finnst þeir alltaf vera vinna í því sama, flakka jafnvel í verkefnum og eru því ekki að vinna það sem lagt hefur verið fyrir eða fara illa með og týna jafnvel sínu hefti.

Lögð var áhersla á að vinna með sjónminnið þar sem endurtekið var unnið með stafsetningarreglur sem voru gerðar sýnilegar sem stuðningstæki. Að nemendur fengju einnig betri máltilfinningu með því að nota ýmsa leiki að orðum þar sem markmiðið er að gera námið skemmtilegra.

Á bilinu 80 til 95 stafsetningareglur birtast með ýmsu móti í handbókum og kennslubókum og því er ekki lagt til hvaða reglur eigi að taka fyrir heldur hvernig megi nota þær við kennsluna.

Verkefnið inniheldur verkefnabanka ásamt lýsingu á hverju verkefni sem byggðar eru upp á aðferðarfræði þar sem fyrirmyndir, endurtekningar og notkun reglna eru undirliggjandi í efni sem er bæði fjölbreytt og áhugavekjandi.

Hugmyndir að verkefnum koma bæði frá höfundum og úr ýmsum áttum og hafa þau öll verið prófuð í kennslu í 5. bekk. Það er von undirritaðs að kennarar geti notað valin verkefni úr verkefnabankanum og þær ábendingar sem koma fram um hvert verkefni við kennslu í stafsetningu.

Með von um góðar viðtökur,

Andri Marteinnsson umsjónarkennari í Flataskóla

Verkefni 1 – Orð vikunnar

Kennari sýnir glæru með orði vikunnar, kynnir orðflokkinn sem það tilheyrir, þýðingu þess og dæmi um notkun orðsins í setningu.

Orð vikunnar: Flinkur

Flokkur: Lýsingarorð

Þýðing: Leikinn, verlaginn

Dæmi: Jóhann er mjög flinkur í höndunum.

Verkefni: Nemendur skrifa í stílabækur það sem stendur á glærinni og búa til tvær setningar þar sem dæmi er um notkun orðsins. Kennari fer yfir verkefnið hjá nemendum.

Mælt er með að hafa 3-4 orð í hverri viku og að hver nemandi hafi stílabók fyrir verkefnið til að hægt sé að vinna meira með orðin eins og t.d. í tengslum við orðabíngó sem sagt er frá í verkefni 2.

- Það reyndist vel að taka fyrir orð sem tengdust einhverju sem var að gerast í samfélaginu á þeim tíma eins og þegar fullveldisdaginn var haldinn hátíðlegur þann 1. desember þá var orð vikunnar orðið fullveldi.

Gott að nota www.ordanet.arnastofnun.is og www.snara.is til að finna hugmyndir og upplýsingar um orð sem hægt er að vinna með.

Dæmi um orð sem var unnið með í 5. bekk

Kassetta	Atlaga	Mása	Fletja	Óræðin	Forviða
Flinkur	Eftirfarandi	Mannvitsbrekka	Óðagot	Andrá	Rökkur
Sólstöður	Fönn	Hirðusamur	Vorkunnlátur	Efasemd	Þvalur
Skunda	Gagnkvæmur	Örtröð	Taugaóstyrkur	Getraun	Hirtur
Fullveldi	Orðspor	Hroki	Miskunn	Afmarkast	Vitkast
Athlægi	Rógburður	Glundroði	Torveldur	Fleygja	Gantast
Fagnaðarerindi	Vanhugsað	Flaðra	Torsóttur	Gróðursnautt	Þverlyndur
Leiðtogi	Þræta	Skrudda	Grennslast	Feginn	Breytni

Verkefni 2 – Orðabingó

Þegar búið er að safna a.m.k. 24 orðum í verkefni 1 er útbúið bingóspjald með orðunum og farið í orðabingó. Á vefslóðinni www.flippity.net er hægt að útbúa bingóspjöld á mjög aðgengilegan hátt.

Verkefni: Þegar búið er að gera bingóspjöldin þá fer kennari yfir það með nemendum hvernig bingóið er spilað. Kennari les upp setningu en eitt orðið í henni er með svipaða eða sömu merkingu og eitt orðið á bingóspjaldinu.

„Maðurinn er frábær“ orðið „magnaður“ getur komið í staðinn fyrir frábær og er þá merkt við það á bingóspjaldinu.

➤ Mælt er með að spila fyrst eina röð í einu t.d. B og svo að spila allt spjaldið.

Dæmi um bingóspjald sem var notað í kennslustund:

B I N G O				
Fönn	Eftirfarandi	Örtröð	Mása	Rökkur
Rógburður	Grænslast	Skrudda	Torsóttur	Hroki
Gagnkvæmur	Fullveldi	FREE SPACE	Flaðra	Gróðursnautt
Leiðtogi	Þverlyndur	Yrða á	Vorkunnlátur	Sólstöður
Mannvitsbrekka	Athlægi	Andrá	Glundroði	Torveldur

Verkefni 3 – Orðavinna

Verkefni: Nemendur vinna mismunandi verkefni í tengslum við orð vikunnar. Nemendur eru með stílabækurnar með orðum vikunnar við hendina en fyrst eiga þeir að spreyta sig á hverju verkefni án þess að nota glósurnar en nota þær svo til að fara yfir hvert verkefni.

- Verkefnin eru búin til af kennara t.d. með því að setja orðin inn í forritið www.wordwall.net sem margir skólar hafa aðgang að.
Þau verkefni sem unnið var með í vetur eru:

1. **Krossaspurningar** í tengslum við þýðingu orðanna þar sem fjórir svarmöguleikar eru gefnir upp.
2. **Stafarugl** þar sem stöfum orðanna hefur verið ruglað og finna á réttu stafsetninguna en fjöldi stafa er gefin upp.
3. **Krossgáta** þar sem skilgreining hvers orðs er gefin upp og skrifa á orðin inn eftir númerum ýmist lóðrétt eða lárétt.
4. **Orðasúpa** þar sem þýðing orðanna er gefin upp en finna á sjálf orðin í orðasúpunni.

Hér á eftir eru dæmi um verkefni sem unnið var með í hverjum flokki.

1. Krossaspurningar

1. Erfiður og fullur af hindrunum.

- A Fletja B Kassetta
C Torveldur D Forviða

2. Tala við einhvern.

- A Forviða B Skenkja
C Þverlyndur D Yrða

3. Kasta einhverju frá sér.

- A Fleygja B Óðagot
C Efasemd D Óræður

4. Ánægður, glaður

- A Mása B Feginn
C Lángefinn D Taugaóstyrkur

5. Samstundis, á sama tíma

- A Andrá B Hirtur
C Taugaóstyrkur D Torveldur

6. Gera eitthvað á miklum hraða

- A Torsóttur B Lángefinn
C Örtröð D Óðagot

7. Ganga hratt, flýta sér

- A Torsóttur B Þverlyndur
C Skunda D Hirtur

9. Erfitt viðfangs

- A Þvalur B Örtröð
C Torsóttur D Miskunn

10. Heppinn

- A Lángefinn B Kassetta
C Þverlyndur D Atlaga

11. Hegðun, framkoma

- A Breytni B Hirtur
C Taugaóstyrkur D Gantast

12. Eitthvað sem varðar báða aðila

- A Rökkur B Gagnkvæmur
C Torsóttur D Skunda

13. Að vaxa að viti og skynsemi.

- A Gantast B Taugaóstyrkur
C Kassetta D Vitkast

14. Að gefa, hella

- A Forviða B Gantast
C Óðagot D Skenkja

15. Þegar það er mikið af fólki á einum stað

- A Afmarkast B Feginn
C Örtröð D Fleygja

2. Stafarugl

17. ☞ Hafa takmörk af einhverju

a A s t k a m f r

18. ☞ Áhyggjufullur, óöryggur

a s u ó T y t g r k a r u

19. ☞ Svæði sem er með engum eða litlum
lifandi gróðri.

s r u r t u G n t ð ó a

20. ☞ Að vera stífur eða þrjóskur

þ d l y u n v r e r

21. ☞ Vera ekki viss

d m E a f e s

22. ☞ Lítið hylki með segulbandi og spólu

e s t K t a a s

23. ☞ Ráðast á einhvern

A a t l g a

24. ☞ Anda ótt og títt, verða móður

M a s á

25. ☞ Að vera snyrtilegur og þrífinn

H r i r u t

26. ☞ Eitthvað sem er dularfullt, ekki hægt að
ráða í

Ó r r æ u ð

27. ☞ Að gera flatt

F a l e j t

28. ☞ Að vera með spaug, grínast

t s G n a a t


29. ☞ Tíminn frá sólsetri til myrkurs

R r ö k u k

30. ☞ Rakur, sveittur

þ r v a u l

3. Krossgáta



Across

3. Kasta einhverju frá sér. (7)
5. Samstundis, á sama tíma (5)
7. Ganga hratt, flýta sér (6)
8. Mildi, gæska (7)
12. Eitthvað sem varðar báða aðila (10)
13. Að vaxa að viti og skynsemi. (7)
14. Að gefa, hella (7)
15. Þegar það er mikið af fólki á einum stað (6)
16. Að vera undrandi, hissa (7)
19. Svæði sem er með engum eða litlum lífandi gróðri. (12)
20. Að vera stífur eða þrjóskur (10)
26. Eitthvað sem er dularfullt, ekki hægt að ráða í (6)
27. Að gera flatt (6)
30. Rakur, sveittur (6)

Down

1. Erfiður og fullur af hindrunum. (9)
2. Tala við einhvern. (4)
4. Ánægður, glaður (6)
6. Gera eitthvað á miklum hraða (6)
9. Erfitt viðfangs (9)
10. Heppinn (9)
11. Hegðun, framkoma (7)
17. Hafa takmörk af einhverju (9)
18. Áhyggjufullur, óöryggur (13)
21. Vera ekki viss (7)
22. Lítið hylki með segulbandi og spólu (8)
23. Ráðast á einhvern (6)
24. Andá ótt og títt, verða móður (4)
25. Að vera snyrtilegur og þrífinn (6)
28. Að vera með spaug, grínast (7)
29. Tíminn frá sólsetri til myrkurs (6)

4. Orðasúpa

1. Erfður og fullur af hindrunum.
2. Kasta einhverju frá sér.
3. Ganga hratt, flýta sér
4. Mild, gæska
5. Erfitt viðfangs
6. Heppinn
7. Hegðun, framkoma
8. Eitthvað sem varðar báða aðila
9. Að vaxa að viti og skynsemi.
10. Að gefa, hella
11. Þegar það er mikið af fólki á einum stað
12. Að vera undrandi, hissa
13. Hafa takmörk af einhverju
14. Áhyggjufullur, óöryggur
15. Svæði sem er með engum eða litlum lífandi gróðri.
16. Að vera stífur eða þrjóskur
17. Vera ekki viss
18. Litið hyki með segulbandi og spólu
19. Ráðast á einhvern
20. Að vera snyrtilegur og þrifinn
21. Eitthvað sem er dularfullt, ekki hægt að ráða í
22. Að gera flatt
23. Að vera með spaug, grínast
24. Tíminn frá sólsetri til myrkurs
25. Rakur, sveittur



Verkefni 4 – Fyrirmyndarsetningar

Nemendur vinna verkefnið í stílabók. Í upphafi kennslustundar fer kennari yfir það með nemendum hvað felst í fyrirmyndar setningum og gefur dæmi t.d. allar setningar byrja á stórum staf og enda á punkti. Sérnöfn byrja á stórum staf og það þarf að vera bil á milli orða.

Verkefni: Hver nemandi skrifar 3-5 fyrirmyndarsetningar. Þegar því er lokið fer kennari yfir verkefnið eða námsfélagar skiptast á verkefnablöðum og fara yfir hver hjá öðrum. Skrifu þarf heildar villufjölda neðst á síðuna.

Að lokum eiga allir nemendur að leiðrétta villurnar.

Verkefni 5 – Orð sem unnið hefur verið með (reglur)

Í þessu verkefni er verið að vinna með hvenær eigi að skrifa stóran og lítinn staf og er stafsetningareglan sem unnið er með gerð sýnileg fyrir nemendum t.d. með plöstuðum spjöldum af amboðum eins og hægt er að nálgast hjá 123skoli.is. Kennari varpar upp orðunum sem á að nota og minnir á að nemendur eigi að nota reglurnar til að finna út hvort orðin í setningunni séu skrifuð með stórum eða litlum staf. Einnig að taka það fram að nota megi fleiri en eitt af uppgefnum orðum í hverja setningu.

Verkefni: Nemendur vinna tveir og tveir saman og eiga að búa til fyrirmyndarsetningar þar sem orðin koma fyrir í og skrifa þau með stórum eða litlum staf eftir því sem við á.

Dæmi um orð:

1. Landaheiti
2. Mánaðarheiti
3. Þjóðarheiti
4. Dýrategund
5. Þjóðerni
6. Götuheiti
7. Kvikyndaheiti
8. Dagaheiti

Þegar nemendur hafa lokið við að búa til setningar þar sem öll orðin koma fyrir í skiptast hóparnir á verkefnablöðum. Kennari fer yfir stafsetningu orðanna með nemendum sem merkja við hvort öll orðin hafi verið notuð og hvort notkun á stórum og litlum stöfum hafi verið rétt.

- Í þessu verkefni er gert ráð fyrir að tveir nemendur vinni saman en að sjálfsögðu er hægt að leggja verkefnið fyrir sem einstaklingsverkefni.

Verkefni 6 – Vinna með valdar reglur

Kennari fer yfir það með nemendum að reglan sem unnið er með sé sýnileg efst á verkefnablaðinu og þau hjálparorð sem gott er að nota til að leysa verkefnið. Næst eru orðin sem vinna á með gefin upp í orðalista þannig að auðvelt er að sjá hvaða orð eigi að skrifa og nota hjálparorðin til að skrifa orðin rétt. Að lokum er svo unnið áfram með sömu hjálparorðin nema nú á að fylla inn réttu svörin í samfelldan texta.

- Lagt er til að vinna með þær reglur sem leggja á inn á sama hátt þ.e. að reglan og orðin sem unnið er með séu gerð sýnileg í verkefninu og eingöngu þurfi að fylla inn orðin í réttri mynd. Endurtekning á vinnu með orð efli sjónminnið og nemendur verði sjálfstæðari í þeirri vinnu við að finna út hvaða orð eigi að nota hverju sinni.

Meðfylgjandi er dæmi um verkefni sem tengist -n og -nn reglunni en þar er unnið með hjálparorðin mín og minn.

Stafsetningarverkefni -n og -nn í endingum orða

N og nn í endingum orða

Greinir gerir nafnorð ákveðin. Orðin mín og minn hjálpa þér við að finna hvort eigi að skrifa **eitt-** eða **tvö n**.

Bolti	Lampi	Húfa	Tölva
Tölvuleikur	Byssa	Banani	Appelsína
Drengur	Bók	Blýantur	Trefill

Keppni _____ í skotfimi verður haldi _____ þegar hölli _____ er tilbúin.

Smiði _____ vantar reyndan _____ og duglegan _____ aðstoðarmann _____ til að smíða skotskífur. Ingu _____ mundaði byssu _____ a sína og skaut í átt að skotskífu _____ i sem hún átti að hitta í. Hún er engi _____ byrjandi í greini _____ i, þótt hún hafi ekki æft skotfimi í all _____ vetur. Sigurstei _____ er hi _____ s vegar búi _____ að æfa í alla _____ vetur þrátt fyrir að áranguri _____ láti á sér standa. Sigurvegari _____ í keppni _____ i varð Sæu _____ sem fékk flestu stigi _____.

Verkefni 7 – Forskrift og upplestur (reglur)

Kennari varpar upp á töflu stafsetningareglunni sem unnið er með, ræðir regluna og tekur dæmi um notkun hennar. Stafsetningareglan er með gerð sýnileg fyrir nemendum t.d. með plöstuðum spjöldum af amboðum eins og hægt er að nálgast hjá 123skoli.is.

Verkefni 1: Nemendur skrifa 50-100 orða texta upp eftir forskrift í stílabók en í textanum er unnið er með ákveðna stafsetningarreglu. Þegar því er lokið skiptast námsfélagar á textum og fara yfir og skrifa heildar villufjölda neðst á blaðsíðuna. Kennari safnar saman bókum og skráir hjá sér niðurstöðurnar til að hafa yfirlit um stöðu hvers og eins nemanda.

Verkefni 2: Einum til tveimur dögum seinna er sami texti, og var skrifaður upp eftir forskrift í verkefni 1, lesinn upp og nemendur eiga að skrifa hann í sömu bók og síðast. Eftir upplesturinn afhendir kennari hverjum nemanda eintak af reglunni til að fara sjálf yfir textann. Kennari safnar saman blöðum og skráir hjá sér niðurstöðurnar til að halda yfirlit um stöðu hvers og eins.

- Það er mikilvægt að ekki líði meira en tveir dagar á milli þessara tveggja verkefna, þ.e. ef nota á bæði, til að textinn sé eins ferskur í minni nemenda og hægt er. Það er áhugavert að sjá muninn á villufjölda hjá nemendum á upplestri á texta með þessari aðferð og þeirri aðferð að lesa einungis svipaðan texta upp sem ekki hefur áður verið skrifaður upp.

Verkefni 8 – Villuleit (reglur)

Kennari varpar upp á töflu stafsetningareglunni sem unnið er með, ræðir regluna og tekur dæmi. Nemendur fá regluna afhenda með plöstuðum spjöldum af amboðum eins og hægt er að nálgast hjá 123skoli.is.

Verkefni: Nemendur fá texta þar sem þeir eiga að finna villurnar í honum allt eftir því hvaða stafsetningarreglu er verið að vinna með. Hér að neðan er dæmi um texta þar sem unnið er með stóran og lítinn staf og eru allir bókstafir skrifaðir með litlum staf en þeir bókstafir eru feitletraðir sem eiga að vera með stórum staf.

- Kennari ákveður svo hvort hann vilji fara sjálfur yfir verkefnin eða hvort hann fer yfir textann með nemendum og láti þá leiðrétta hjá sér sjálfum eða hvort námsfélagar fari yfir hjá hvor öðrum. Allir merkja við þar sem villur hafa verið skrifaðar og heildar villufjöldinn er skráður neðst á síðuna. Að lokum á hver og einn nemandi að leiðrétta þær villur sem hann hefur mögulega gert.

Stafsetningarverkefni lítill og stór stafur

amma mín las alltaf í **b**iblíunni á hverjum degi og á hátíðum eins og **j**ólum og **p**áskum las hún í henni tvisvar á dag. Hún leit alltaf á sig sem **e**yfirðing þótt hún byggi síðustu þrjátíu árin fyrir **s**unnan í **r**eykjavík. Hún las einnig mikið í Íslendingasögunum og var **h**rafnkels **s**aga **f**reysgoða í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Þá var hún áskrifandi að **m**orgunblaðinu. Henni var oft tíðrætt um gamla tíma, sérstaklega þegar hún var ung í vist á ýmsum sveitabæjum s.s. **g**rund í **e**yjafirði og **y**stuvík í **v**íkurskarði. Maður hennar starfaði hjá **s**ambandi Íslenskra **s**amvinnufélaga og hann las einnig mikið í frístundum eins og hún. **s**alka **V**alka var í miklu uppáhaldi hjá honum og þá hafði hann gaman af sögum um **g**uðmund **g**óða **b**iskup.

Verkefni 9 – Sóknarskrift með samfelldum texta

Kennari er með 6-8 miða sem hver inniheldur eina setningu en allar setningarnar mynda samfelldan texta. Í meðfylgjandi texta er verið að vinna með -eng, -öng, -ng endingar.

- Strákarnir ganga í skólann þó það sé langt þangað.
- Þeir eru ungir en samt ekki enn orðnir unglingar.
- Á leiðinni þangað beit slanga annan strákinn.
- Hlaupið var eins og lungun leyfðu eftir hjálp.
- Ungur maður kom hlaupandi eftir þröngum stígnum.
- Hann sagði að engin hætta var á ferðinni því slangan var ekki eitruð.

Kennari segir nemendum hvað miðarnir séu margir og að þeir séu hangandi víðsvegar um skólafönduna eða frammi á gangi. Nemendur eru með stílabækurnar á sínum borðum.

Verkefni 1: Nemendur fara um skólafönduna og skoða miða með setningum og skrifa eina setningu í einu í stílabók. Verkefnið felst í því að þjálfja sjónminnið með því að reyna að muna hvernig orðin eru skrifuð.

Kennari ákveður hvort hann vilji fara sjálfur yfir verkefnið, að námsfélagar fari yfir hjá hvor öðrum eða hvort nemendur fari sjálfir yfir þau t.d. með að fara með stílabókina sína að hverjum miða og merkja við þar sem villur hafa verið skrifaðar.

Að lokum á hver og einn nemandi að leiðrétta þær villur sem hann hefur mögulega gert.

- Það er hægt að hengja miðanna á falda staði í stofunni þegar nemendur sjá ekki til því það lífgar aðeins upp á stemninguna. Einnig er hægt að biðja nemendur í lok verkefnis um að númera setningarnar eftir því hvaða röð þau haldi að þær komi í svo að þær myndi samfelldan texta með upphafi, miðju og endi. Nemendur eru fengnir til að lesa samfellda textann upp fyrir bekkinn og ef fleiri en ein útfærsla er af honum þá er hægt að eiga samtali um það..

Önnur útfærsla á verkefni: Hver setning er merkt með mismunandi lituðum límmiðum eða prentuð út á mismunandi litaðan pappír og hengd upp. Nemendur fá mismunandi liti og leysa verkefni eftir sínum litum, þ.e. að skrifa setningar upp af þeim lit af blaði sem þau fengu úthlutað. Þetta er gert til að hafa mismunandi verkefni í gangi hverju sinni og er þá hægt að láta þá nemendur sem sitja saman fá verkefni með sitt hvorum litnum.

Verkefni 2: Mælt er með að vera með upplestraræfingu á sama texta og notaður var í sóknarskriftinni innan tveggja daga, til að myndin af textanum sé sem ferskust í huga sem flestra nemenda.

- Þessi æfing hentar t.d. vel í ½ tímum eða svokölluðum stubbum sem oft myndast í stundatöflunni.

Verkefni 10 – Stafsetningarkeppni

Kennari setur mismunandi orð á miða, bæði auðveld og erfið orð.

Verkefni: Nemendur draga miða og rétta kennara án þess að kíkja á orðin. Kennari les upp orðin og nemendur stafa þau upphátt og safna stigum eftir því hvernig gengur að stafa þau.

- Hópurinn safnar saman á einn stað orðum sem þeim finnst erfitt að stafsetja t.d. með því að skrifa þau niður á miða sem kennari safnar saman og setur upp á vegg í skólastofunni eða að þeim sér safnað inn á sameiginlegt drif nemenda.

Hægt er að hafa keppnina með mismunandi útgáfum en hér að neðan eru hugmyndir að þremur leiðum sem hafa reynst vel:

Liðakeppni I: Bekknum er skipt upp í 3-5 manna hópa sem skiptast á

að draga orð og spreyta sig á að stafa þangað til allir í hópnum hafa reynt við eitt orð.

Ef nemenda tekst að stafa orðið rétt fær hópurinn 2 stig en ef viðkomandi fær aðstoð hópsins við að stafa orðið fær hópurinn 1 stig.

- Gott er að spyrja hvern og einn hvort þetta sé lokasvar til að hann og hópurinn hafi möguleika á að nýta sér aðstoð hópsins. Einnig gæti verið sniðugt að hafa bónusstig fyrir að geta sagt hvaða orðflokkur orðið tilheyrir eða jafnvel að fallbeygja.

Liðakeppni II: Sama fyrirkomulag og í liðakeppni I nema nú hefur orðunum

verið skipt í tvo mismunandi flokka þar sem annar flokkurinn inniheldur erfiðari orð en hinn. Hér að neðan eru dæmi um auðveld og erfiðari orð sem hægt er að nota.

Nemendur geta þá valið hvorn flokkinn þau vilja fá orð úr til að stafa en þetta er gert til að koma til móts við mismunandi getustig innan nemendahópsins. Þetta fyrirkomulag hentar sérstaklega vel þar sem búið er að velja námsfélaga saman sem eru svipaðir að getu.

Ef þetta fyrirkomulag er notað í liðakeppni fær hópurinn 3 stig fyrir að svara rétt fyrir orð úr erfiðari flokknum og 2 stig fyrir auðveldari flokkinn. Ef viðkomandi fær aðstoð hópsins við að stafa orðið fær hópurinn einu stigi minna en ella eða 2 eða 1 stig. Allt eftir úr hvor flokknum orðið sem spurt var um tilheyrði.

Námsfélagar keppa innbyrðis: Þessi leið býður upp á að nemendur geta

spurt hvorn annan um að stafsetja fleiri orð heldur en í liðakeppninni og þá er einnig hægt að velja saman nemendur sem eru svipaðir að getu í stafsetningu.

Námsfélagar skiptast á draga miða með orði og spyrja hvernig það er stafsett. Nemandi fær að halda þeim miðum eftir sem hann svarar rétt og í lokin vinnur sá sem er með fleiri miða.

- Námsfélagar sem sitja nálægt hver öðrum skiptast innbyrðis á miðum til að geta haldið halda áfram að spyrja en gott er að vera búin að ákveða þann fjölda orða sem hver um sig á að stafsetja. Til að halda leiknum gangandi er sniðugt að útbúa tvö sett af orðum sem væru þá prentuð út á mismunandi lit af pappír svo hægt sé að skipta um sett af orðum eftir að allir hafa lokið við að spyrja hvorn annan.

Hugmyndir að auðveldari orðum

Fleira	einmana	hnéð	tréð	útilega
gluggaveður	samband	birki	fyrirgefðu	heimspeki
Upphaf	kvenna	akkeri	laga	fimleikar
Upplýsingar	vegurinn	samræmi	trúna	kálfi
Klifur	handbolti	ökkli	andlit	Akureyri
Hafnarbolti	ráðherra	golf	formaður	Handfang
hugrökk	óróleiki	mega	hæsti	Eitthvað

Hugmyndir að erfiðari orðum

Gangamunni	Lágmarka	meinlaus	hlæja	ýtrasta
skolleitur	skriðssóley	mánaðamót	góðhjörtuð	bakhjarl
þrautseigur	úlniður	jafnaðarmannaflokkur	Bragðdaufur	skýstrókur
Grannskoða	byggingarlist	kauptu	fiðringur	olnbogi
Þátttaka	uppeldisfræði	dægurlagasöngvari	gegnær	óviðunandi
Þægilegt	hljóð	kjarnorkusprengr	fiskikrydd	smámynt
Kærleiksríkur	frjálsíþróttir	pípulagningarþjónusta	milljarða	Íslendingar
Friðsamlegur	höfuðstöðvar	stundarfjórðungur	blómhnappur	löggildur

Verkefni 11 – Stafsetning með notkun setninga

Kennari varpar upp á töflu stafsetningareglunni sem unnið er með, ræðir regluna og tekur dæmi. Nemendur fá plastað spjald með reglunni

Verkefni: Útbúin eru spjöld með setningum og orðin sem spurt er um hverju sinni eru undirstrikuð í hverri setningu. Námsfélagar skiptast á draga spjald, lesa upp fyrir hvorn annan og spyrja hvernig undirstrikaða orðið er stafsett. Nemandi fær að halda þeim spjöldum eftir sem hann svarar rétt en markmiðið er að safna sem flestum spjöldum.

- Ef vinna á markvisst með þessa aðferð er mælt með að merkja hvern flokk reglna sem unnið er með ákveðnum lit t.d. með því að ljósrita á mismunandi lit af pappír eða merkja setningar með lituðum límmiðum. Þær setningar sem útbúnar eru væru þá merktar með sama lit og reglan sem unnið er með hverju sinni.

Leikur: Þegar búið er að fara yfir nokkrar reglur með setningum sem tilheyra þeim flokki reglna er hægt að hafa upprifjun með því að blanda saman setningum með mismunandi litum. Markmiðið væri þá að nemendur nái að draga alla litina og stafsetja orðin sem spurt er um rétt. Sá vinnur sem nær fyrstur að safna spjöldum með öllum litunum, ekki ósvipað og Trivial pursuit.

Verkefni 12 – Stafsetning vikunnar

Í flestum verkefnum sem búið er að lýsa hér á undan er verið að teygja sig inn á önnur svið málnotkunar en þetta verkefni gerir það með skýrasta hættinum þar sem unnið er með almenna málnotkun.

Verkefni: Nemendur skrifa upp í sérstaka stílabók setningu dagsins af glæru og vinna nánar með textann þar sem þeir eiga að fallbeygja nafnorðin, stigreyta lýsingarorðin og beygja sagnorðin (sjá fyrri glæru hér að neðan).

Setning: **Margir koma til Íslands til að upplifa fallega náttúru.**

1. Skrifaðu setninguna orðrétt í stílabókina.
2. Fallbeygðu nafnorðin í setningunni í eintölu án greinis.
Ísland - náttúra
3. Sigbreyttu lýsingarorðið falleg
4. Sagnorð beyging
að koma – ég kom – við komum – ég hef komið
að upplifa – ég – við – ég hef
5. Sýndu kennara.

- Einnig er hægt að láta nemendur finna nafnorðin, lýsingarorðin og sagnorðin í textanum í stað þess að gefa þau upp sjá dæmi hér fyrir neðan.


Setning: **Í Garðabæ er eitt lítið fell sem heitir Gunnhildur og er í Heiðmörk**

1. Skrifaðu setninguna orðrétt í stílabókina.
2. Finndu nafnorðin fjögur og fallbeygðu þau í eintölu.
3. Finndu sagnorðið og beygðu það með því að nota hjálparorðin: ég, þú, við höfum
4. Finndu og stigbreyttu lýsingarorðin í textanum.
5. Sýndu kennara.

Verkefni 13 - Hrærigrautur

Hrærigrautur er skemmtilegt spil þar sem verið er að leika sér að orðum með það að markmiði að fá fólk til að tala. Spilið, sem er eftir Illuga Jökulsson, er reyndar ætlað 14 ára og eldri en auðvelt er að aðlaga það að nemendum á miðstigi.

- Mælst er til að reyna ekki að spila spilið frá upphafi til enda heldur að velja einn flokk í senn af þeim sex sem boðið er upp á og brjóta upp kennsluna með því að leyfa nemendum í litlum hópum að spreyta sig. Kennari velur þá sjálfur spjöldin sem spilað er með hverju sinni.



Þeir flokkar sem boðið er upp á eru:

- **Tabú:** Skýra út merkingu orðs án þess að nota orðið sjálf.
- Hér gæti verið sniðugt að tengja orðin sem notuð eru orðum vikunnar sem nánar er lýst í verkefni 1 hér að framan.
- **Búturinn:** Tveir stafir gefnir upp og á að skiptast á að nefna orð sem byrja, enda á eða inniheldur bótinn. Dæmi: BR -ÆR-UM
- Sniðugt að brjóta upp tíma með þessum leik og láta námsfélaga spila og ef vel gengur að skipta um spilafélaga.
- **Ruglið:** Mynda eins langt orð og hægt er með því að nota þá stafi sem gefnir eru upp á spjaldinu.
- Það er hægt að láta 2-3 vinna saman og hafa keppni á milli borða um hver nái lengsta orðinu sem kennari viðurkennir að sé orð.
- **Snaran:** 2-3 stafir gefnir upp og auðar línur og á að finna út hvert orðið er þar sem nokkra stafi vantar.
- Hér er upplagt að láta námsfélaga vinna saman í þessu verkefni.
- **Bunan:** Um þrjá mismunandi flokka orða koma hér til greina og eftir að búið er að draga spjald á hver nemandi að segja eins mörg orð innan þess flokks sem spurt er um sem byrjar á þeim staf sem gefin er upp.
- Það er hægt að nota þennan leik til að brjóta upp tíma með þessum leik og láta námsfélaga spila og ef vel gengur að skipta um spilafélaga.
- **Fambið:** Unnið er með gömul íslensk orð og á að skálda tvö önnur orð og fá hina til að trúa því að það sé rétta útskýringin á orðinu og þar með finna ekki réttu útskýringuna.
- Orðin í spilinu eru svolítið erfið fyrir þennan aldurhóp svo mögulega væri hægt að nota þessa aðferð með því að búa til auðveldari orð til að vinna með.

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ
Lokaskýrsla verkefnis 2023-2024
Stafsetning er leikur einn – kennsluverkefni

Ábyrgðarskóli verkefnis: *Flataskóli*

Verkefnisstjóri: *Andri Marteinnsson umsjónarkennari í Flataskóla*

Ártal úthlutunar 2023

Skólaár 2023-2024

Skólastig: 5. – 7. bekkur

Áherslupættir

- Fagmennska kennara Forvarnir Heilbrigði og velferð Jafnrétti
 Líðan Lýðræði og mannréttindi Læsi Mat á skólastarfi Samskipti og félagsfærni
 Sjálfbærni Skóli margbreytileikans Sköpun

Námsgrein

- Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál Íþróttir og hreyfing List- og verkgreinar Náttúrugreinar
 Samþætting námsgreina Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði
 Stærðfræði Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið

Að mati höfundar hefur reynslan sýnt að of margir nemendur hafi „fordóma“ gagnvart stafsetningu sem þykir bæði þurr og leiðinleg af allt of mörgum. Markmiðið með þessu þróunarverkefni var að finna fjölbreyttar leiðir við nám og kennslu í stafsetningu á miðstigi til að gera námið eins lifandi og skemmtilegt og mögulegt er. Að kennarar geti séð sér hag í að nota valin verkefni úr verkefnabankanum, og þær ábendingar sem þar koma fram við kennslu í stafsetningu.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

- Í upphafi var sett upp gróft tímaplan.
- Lögð voru fyrir nemendur gagnvirk verkefni af skolavefurinn.is og mms.is og skoðað hvernig sú vinna gengi fyrir sig
- Eins og fram kemur í lokaskýrslu var allri nálgun á verkefnið breytt þar sem vinna með gagnvirku æfingarnar þótti ekki skila tilætluðum árangri.

- Á þessum tímapunkti lagðist verkefnastjóri í hugmyndavinnu um skrifleg verkefni.
- Verkefnin voru svo lögð fyrir nemendur yfir veturinn.
- Að lokum var svo settur saman verkefnabanki með lýsingum á verkefnum og ábendingum um útfærslur svo kennarar sem ekki hafa kennt efnið áður geti með einföldum nýtt sér valin verkefni við kennslu.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Markmiðið var að gera námið eins lifandi og skemmtilegt og mögulegt er svo að enn fleiri nemendur, en eru í dag, nái tókum á grunnatriðum í stafsetningu áður en þeir fara á unglíngastig. Að verkefnin verði til þess að jákvætt viðhorf nemenda til stafsetningar aukist.

Útbúin hefur verið verkefnabanki með lýsingum á verkefnum og ábendingum um útfærslur svo kennarar sem ekki hafa kennt efnið áður geti með einföldum nýtt sér valin verkefni við kennslu. Verkefnin eru hugsuð sem sniðmát sem kennarar fylla sjálfir upp í með þeim reglum og æfingum sem þeir vilja taka fyrir.

Lokaorð

Þegar ég var að kenna nemendum mínum stafsetningu í vetur fannst mér þeir áhugasamir og jákvæðir gagnvart verkefnunum. Stafsetning getur verið skemmtileg þegar hún er gerð að leik.

Kynningar á verkefninu

Verkefnið verður kynnt á Menntadegi í Garðabæ sem verður í október. Verkefnabankinn verður einnig sendur á grunnskólana í Garðabæ sem geta svo fengið kynningu á því ef þeir óska eftir því.

Heildarupphæð styrks:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
28.6.2024	Laun	990.000,-

Garðabæ 28. júní 2024,

Andri Marteinson

Garðabæ 28. júní 2024,

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir, skólustjóri Flataskóla

H. Hannaf.



Flataskóli

Garðabæ - Sími: 513-3500